

Fagráð í hrossarækt

57. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg fimmtudagur 23. febrúar 2012 kl. 10:00.

Mættir: Kristinn Guðnason (formaður), Guðlaugur V. Antonsson (ritari), Sigrún Ólafsdóttir, Víkingur Gunnarsson, Sigurbjartur Pálsson, Ísleifur Jónasson, Gísli Gíslason og Vignir Siggeirsson. Bjarni Þorkelsson mætti til fundarins eftir hádegi.

Dagskrá

1. Fundarsetning, lögð fram fundargerð nr. 56 frá 16. desember 2012 til samþykktar og undirritunar
2. Staðfesting á nýrri skipan fagráðs
3. Vinna við þróun kynbótamats í búfjárrækt
4. Fundur með Sigríði Björnsdóttur
5. Gjaldskrá fyrir dóma á kynbótahrossum
6. Form um leigu á hryssum
7. Knapar með fæsta áverka
8. Ensk þýðing reglugerðar um uppruna og ræktun íslenska hestsins
9. Viðurlög knapa sem skila hesti með áverka af stigi 2 úr braut
10. Dagsetningar fundarferðar
11. Fundur í Ölfushöll – Tillaga fundarins
12. Fundur stjórnar Félags hrossabænda og formanna aðildarfélaga.
13. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Formaður setti fundinn og bauð nýjan fagráðsmann Vigni Siggeirsson velkominn. Þá var lögð fram fundargerð nr. 56 til samþykktar og undirritunar. Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

2. Staðfesting á nýrri skipan fagráðs.

Bréf hafði borist frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu sem svar við bréfi með beiðni um staðfestingu á nýrri skipan fagráðs. Samkvæmt reglum Félags hrossabænda lætur Bjarni Þorkelsson nú af störfum í fagráði en félagið hefur valið sem nýjan fagráðsmann Vigni Siggeirsson í Hemlu.

3. Vinna við þróun kynbótamats í búfjárrækt.

Guðlaugur hafði setið fund á Hvanneyri með Ágústi Sigurðssyni, Elsu Albertsdóttur og ráðunautum annarra búgreina þar sem umfjöllunarefnið var "Vinnsla og þróun kynbótamats í búfjárrækt".

Á síðasta ári var gerður samningur fyrir árin 2011 og 2012 við Lbhí. Samningurinn er um kynbótamat í nautgripa-, sauðfjár- og hrossarækt og markmið hans að efla faglegt þróunarstarf við mat á kynbótagildi búfjár, skýra faglega og fjárhagslega ábyrgð, verkaskiptingu aðila og hugverkarétt á niðurstöðum. Með samningnum er lögð áhersla á að innleiða nýja þekkingu og tryggja eins og unnt er að mat á kynbótagildi styðjist ávallt við bestu mögulegar lausnir á hverjum tíma.

Vinna við frekari þróun kynbótamats var af búgreininum mest við hrossaræktina á árinu. Þar að auki var unnið að reglubundinni vinnslu kynbótamats, sem unnið var tvisvar á árinu. Þá var unnið að undirbúningi á að nýta hinn danska DMU forritapakka

við vinnslu kynbótamats og leggja BLUP forritum sem Þorvaldur Árnason hefur notað um árabíl. Yfirfærslan var unnin í samvinnu við Þorvald og er nú nánast lokið hvað hrossaræktina varðar. Að öðru leyti hefur verið unnið að því að byggja upp kynbótamat fyrir keppniseiginleika úr heildargögnum hrossaræktarinnar. Nokkur umræða varð í fagráði um fjármögnun sammingsins við LbhÍ og lögð á það áhersla að Sigurbjartur fylgdi því eftir í stjórn BÍ., að hrossaræktin nyti sömu kjara varðandi þróunarfé og aðrar búgreinar til að mæta kostnaði við verkefni af þessum toga. Eðlilegast væri að slíkt kæmi inn í næsta búnaðarlagasamning við ríkið eða með sambærilegum hætti og í öðrum búgreinum.

4. Fundur með Sigríði Björnsdóttur dýralækni hrossasjúkdóma.

Guðlaugur hafði í framhaldi af síðasta fagráðsfundi sent Sigríði bréf þar sem hann viðraði þær umræður og hugmyndir sem þar höfðu komið fram varðandi t.d. spatt-myndir, erfðasjúkdóma, sæðingamál og áverkaskoðunina “Klár í keppni”. Sigríður svaraði að þetta væru allt málefni sem hún teldi mikilvægt að vinna að á komandi árum og óskaði eftir fundi til nánari skoðanaskipta.

Guðlaugur fundaði með Sigríði og bar þar margt á góma s.s.

- a) Nauðsynlegt er að endurskoða núverandi reglugerð um sæðingar. Sumt sem þar kemur fram á ekki við og annað þarfnast endurskoðunar. Guðlaugur hefur óskað eftir við Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að endurskoðunin sé sett á dagskrá.
- b) Sigríður tók undir þá skoðun fagráðs að æskilegt væri að sem mest af teknum spatt-myndum bærust í WF og lofaði að leggjast á árar í því máli.
- c) Hvað erfðagalla varðar komu þar til umræðu; eineistni, spatt, naflaslit, rop og skúffukjafur/ranseiði. Allt eru þetta alvarlegir sjúkdómar eða gallar sem vert er að gæta enn meira að í framtíðinni. Jafnvel þyrfti að huga að einhverjum takmörkunum á notkun slíkra kynbótagripa enda allsstaðar útilokaðir frá ræktun í nágranna- og samkeppnislöndum okkar.
- d) Þá var rætt um ófrjósemi hjá bæði hryssum og stóðhestum og hvað væri til ráða. Fram kom að erfitt væri að henda reiður á raunhæfar tölur um slíkt jafnvel þó það væri mikilvægt til framtíðar.

Fagráð telur nauðsynlegt að hamrað sé á hversu erfðagallar s.s. eineistni, geta reynst okkur skeinuhættir í ræktunarstarfinu. Sjálfsagt sé einnig að við endurskoðun sæðingareglugerðar sé það tryggt að hestar sem notaðir eru í sæðingum undirgangist nákvæma dýralæknisskoðun.

Ákveðið var að ræða á hringferðarfundum hvort setja þurfi reglur um að hestar sem hafi rautt T (eistnagalla) eða rautt S (séu með spatt) séu ekki verðlaunaðir á kynbótasýningum né heldur hljóti þeir þátttökurétt á landsmótum. Eðlilegt er að fara einnig í saumana á flokkun og alvarleika frjósemisgalla stóðhestanna.

5. Gjaldskrá fyrir dóma á kynbótahrossum.

Guðlaugur hafði sent þann 20. desember beiðni um staðfestingu á gjaldskrá til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Þann 16. janúar hafði borist bréf frá ráðuneytinu þar sem það hafði óskað svara við nokkrum yfirgripsmiklum spurningum um gjaldtöku fyrir kynbótasýningar allt frá árinu 2006. Þann 19. janúar hafði Guðlaugur sent svör til baka til ráðuneytisins. Ekkert hefur heyrst af málinu eftir það og hefur gjaldskrár beiðni fyrir árið 2012 því ekki verið samþykkt. Mikilvægt er að ljúka málinu hið fyrsta.

6. Form um leigu á hryssum.

Í framhaldi af umræðum á aðalfundi Félags hrossabænda hefur verið hannað eyðublað og sett í WorldFeng sem inniheldur samning milli hryssueiganda og leigjanda hryssu um meðhöndlun skráningar á uppruna, ræktanda og eiganda væntanlegs afkvæmis.

7. Knapar með fæsta áverka.

Í framhaldi af tilmælum Mette Mannseth og samþykkt síðasta fagráðsfundar hafði Guðlaugur tekið saman hvaða knapar sem sýndu að lágmarki tíu sýningar á síðasta ári væru með fæsta skráða áverka á hrossunum. Svo sem fram hafði komið áður voru áverkar á hrossum úr 18,9% sýninga á árinu. Guðlaugur hafði listað upp þá knapa sem voru með áverka í 10% sýninga eða minna og voru það 12 knapar. Þar af fjórir með enga skráða áverka. Ákveðið að birta listann og ýta þannig undir góða og þrúða reiðmennsku.

8. Ensk þýðing reglugerðar um uppruna og ræktun íslenska hestsins.

Guðlaugur, Kristinn Hugason fyrir hönd Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og Gunnar Sturluson fyrir hönd FEIF, höfðu unnið að því að láta þýða upprunareglugerðina yfir á enska tungu vegna fjölda beiðna erlendis frá. Að málinu komu auk þeirra löggiltur skjalapýðandi og Ólafur Dýrmundsson hjá BÍ. Að auki var leitað til nokkurra sérfróðra álitsgjafa. Þýðingin liggur nú fyrir og er mati Guðlaugs hið þarfasta plagg sem svara mun mörgum spurningum erlendis frá um innihald reglugerðarinnar.

9. Viðurlög knapa sem skila hesti með áverka af stigi 2 úr braut.

Á síðsta fundi fagráðs var ákveðið að framvegis verði það regla á öllum kynbótasýningum að hross sem metið hefur verið með áverka af stigi 2 úr dómi hljóti hvorki dómsniðurstöður né verðlaunun. Ef áverki 2 verður á yfirlitssýningu hljóti viðkomandi hross ekki mögulega hækkun einkunnar né heldur verðlaunun jafnvel þó það hafi komið ósárt úr dómi.

Rætt var hvort ástæða væri til sérstakrar hegningar til handa knöpum á umræddum hrossum. Ekki þótti ástæða til að setja eina fasta reglu þar um en undirstrika að áminning fyrir grófa reiðmennsku fylgdi með ef ástæða þætti til svo sem endranær.

10. Dagsetningar fundarferðar.

Áveðnar hafa verið dagsetningar fundarferðar í mars og eru þær eftirfarandi:

Mánudagur 5. mars. Víðidal, Reykjavík.

Þriðjudagur 6. mars. Selfossi.

Miðvikudagur 7. mars. Hvanneyri.

Mánudagur 12. mars. Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur.

Þriðjudagur 13. mars. Sauðárkrókur.

Miðvikudagur 14. mars. Blönduós.

Mánudagur 19. mars. Egilsstaðir.

Þriðjudagur 20. mars. Höfn í Hornafirði.

Lárus Hannesson formaður gæðingadómarafélags LH hefur þegið boð um að slást í för með þeim Kristni og Guðlaugi.

Fagráð lagði til að eftir því sem hægt væri, yrði auglýst þegar nær dregur hvað helst yrði til umræðu á fundunum.

11. Fundur í Ölfushöll – Tillaga fundarins.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands boðuðu til fundar í Ölfushöllinni þann 15. febrúar síðastliðinn. Fundarefnið var tillaga fagráðs að breyttri útfærslu yfirlitssýningar á LM í Reykjavík. Kristinn Guðnason og Guðlaugur Antonsson voru sérstaklega boðaðir til fundarins en auk þess sátu fundinn og tóku til máls fagráðsmennirnir Bjarni Þorkelsson og Ísleifur Jónasson.

Í lok fundarins var samþykkt svohljóðandi tillaga til fagráðs:

Í forsýningu verði riðnar að hámarki 10 ferðir á beinni braut.

Í yfirlitssýningu verði riðnar 4 ferðir á beinni braut.

Fagráð ræddi tillögu fundarins og stöðu málsins út frá ýmsum hliðum. Ákveðið var að tillagan yrði rædd með öðrum hugmyndum sem fram kæmu í væntanlegri fundarferð í marsmánuði.

12. Fundur stjórnar Félags hrossabænda og formanna aðildarfélaga.

Fundurinn var haldinn 21. febrúar, megin efni fundarins voru hugmyndir fagráðs og tillaga Hrossaræktarsamtaka Suðurlands um yfirlitssýningu á væntanlegu landsmóti í Reykjavík.

Kristinn gerði grein fyrir fundinum en fulltrúar frá öllum félögum á landinu höfðu mætti til fundarins og hafði fundurinn verið málefnalegur. Fram kom nokkur munur á afstöðu fulltrúa til framhaldsins. Einstaka menn vildu leggja málinu að sinni, aðrir fara ýmsar en nokkuð mismunandi leiðir að útfærslum og sumir aðildar halda málinu áfram með þeim hætti sem lagt var upp með af hálfu fagráðs.

Miklar umræður urðu í fagráði um málið og var skipulega fengið álit allra fagráðsmanna á hvert framhaldið ætti að verða. Voru Fagráðs fulltrúar einróma um að semja sameiginlega yfirlýsingu um framhald málsins sem send yrði út á næstu dögum og málið síðan rætt áfram á hringferðarfundum í marsmánuði.

13. Önnur mál.

- a) Aðalfundur WorldFengs. Guðlaugur sagði lítillega frá aðalfundi WorldFengs sem haldinn var í vikunni en í stjórn WF eru Jens Iverssen formaður FEIF, Marlise Grimm ræktunarleiðtogi FEIF, Jón Baldur Lorange verkefnisstjóri WF og Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur.
- b) Bjarni Þorkelsson þakkaði fyrir þau fjögur ár sem hann hafði átt samleið með okkur í Fagráði og þakkaði Kristinn formaður Bjarna sérstaklega fyrir samstarfið.

Fleira ekki tekið fyrir,
fundi slitið kl. 15:00.

Guðlaugur V. Antonsson
ritari fagráðs í hrossarækt.